



Valgreinar í 8.-10. bekk Skólaárið 2023-2024



Námsskipan og valgreinar í 8. - 10. bekk skólaárið 2023-2024

Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinarnar og kröfur um ástundun og árangur eru á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum. Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Valgreinar eru ýmist kenndar allt skólaárið eða í lotum.

Í þessu hefti eru upplýsingar um þær valgreinar sem verða í boði í Háaleitisskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur orðið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn valinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður valgrein ef umsækjendur eru of fáir.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum eða forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða kennara einstakra greina og fá hjá þeim leiðsögn. **Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinum og því er ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.**

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

Nemendur eru beðnir að vera búnir að skila inn sínu vali fyrir **22. maí nk.** Valið er gert rafrænt á viðkomandi slóð [Valáfangar 2023-2024 - Google Forms](#) Þeir nemendur sem vilja geta komið í tölvustofuna **19.maí kl:08:15 – 09:35** og fengið aðstoð hjá Guðnýju og Ragga við að klára valið.

Með kveðju
Skólastjórn

Valgreinar sem kenndar eru allt árið - Heilsársval

Gettu betur

Markmið: að nemendur kynnist því hvernig spurningarkeppnir fara fram. Að nemendur æfi sig og undirbúi fyrir keppni í Gettu enn betur

Kennslutilhögun: Nemendur æfa sig í að svara spurningum sem geta komið í spurningarkeppnum. Einnig munu þeir gera spurningar og spyrja hvern annan. Æfðar verða hraðaspurningar og spurningar úr ýmsum áttum.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valgreinar.

Námsmat: Lokið/ólokið

Íþróttir/þjálfun – í samvinnu við íþróttafélag

Þetta er valfag fyrir nemendur sem hafa stundað sömu íþrótt undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að fá undirskrift frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Eyðublaðið fá nemendur hjá deildarstjóra elsta stigs í upphafi skólaárs.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar undir stjórn þjálfara. Háaleitisskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift þjálfara og forráðamanns tvisvar sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í íþróttinni. Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valgreinar.

Námsmat: Lokið/ólokið.

Tónlistarnám – í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Þetta er valfag fyrir nemendur sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur greiða sjálfir skólagjöld og annan kostnað til Tónlistarskólans.

Markmið: Að viðurkenna tónlistarnám nemenda og hvetja þá til að taka tónlistarnám sitt alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda tónlistarnám undir leiðsögn tónmenntakennara. Háaleitisskóli metur tónlistarnámið til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift tónlistarkennara og forráðamanns tvisvar sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í náminu.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valgreinar.

Námsmat: Lokið/ólokið.

Ef nemandi hættir í tómstund/íþrótt ber foreldrum/nemenda skylda til þess að láta deildarstjóra eldra stigs vita um leið sem úthlutar nemanda þá nýja valgrein.

Nemendaráð

Valgreinin er ætluð þeim sem hafa mikinn áhuga á félagsstörfum.

Markmið: að nemendur:

- efli sinn félagslega þroska t.d. sjálfsmýnd og sjálfstraust
- efli færni sína í tjáningu og samskiptum
- efli leiðtogaþæfileika sína að þjálfa nemendur:
 - í lýðræðislegum vinnubrögðum
 - í skipulagningu og framkvæmd viðburða
 - í fundarsköpum, tjáningu og framsögn.

Kennslutilhögun: Hlutverk nemendaráðs Háaleitisskóla er m.a. að skipuleggja félagsstarf í skólanum, gæta að hagsmunum nemenda, miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans og taka þátt í viðburðum sem fram fara á skólaárinu. Ætlast er til að nemendaráð myndi góð tengsl við nemendur skólans og verði yngri nemendum góð fyrirmynd. Skólinn gerir þá kröfu til stjórnar nemendaráðs að í því sitji ábyrgir nemendur sem sýni af sér góða hegðun, frumkvæði í vinnubrögðum, stundi námið vel og hafi góða skólasókn. Nemendur vinna mikið í hópum og kynna hugmyndir sínar. Þeir læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim. Unnið verður markvisst að framsögn, fundarsköpum, eflingu sjálfsmýndar og lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur sem eru í nemendaráði er skylt að vinna á viðburðum sem haldnir eru í skólanum. Farið verður yfir umsóknir og viðtöl tekin – ekki komast allir að sem vilja. Á haustin fer fram kosning á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda auk þess sem skipað verður í nefndir, s.s. auglýsinga-, tónlistar-, íþróttar- og ljósmyndanefnd. Áætlað er að nemendaráð taki virkan þátt í starfi skólans og taki á móti skólaheimsóknum fyrir hönd Háaleitisskóla. Fulltrúi frá nemendaráði situr fundi í skólaráði. Fundir með stjórnendum fara fram tvisvar yfir skólaárið, einn á hvorri önn.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valgreinar.

Námsmat: Ástundun, virkni og vinnusemi metin. Lokið/lokið.

Helstu viðburðir á skólaárinu:

- Íþróttamót milli skóla og innan skóla.
- Diskótek og viðburðir fyrir nemendur Háaleitisskóla.
- Gettu ennþá betur fyrir 8.-10. bekk.
- Árshátíðarball fyrir 8.-10. bekk í Reykjanesbæ.

Skólahreysti

Tvær kennslustundir á viku - að mestu verkleg kennsla.

Farið er í grunnæfingar fyrir Skólahreysti þ.e. styrktar, þol og hraðaæfingar. Áhersla er lögð á tækniatriði og reglur í sambandi við Skólahreystibrautina auk annarra þátta er skipta máli s.s. mataræði á keppnisdegi og á undirbúningstímabilinu. Skólahreysti-keppni grunnskólanna fer fram á hverju vori.

Markmiðið: Að þjálfra fulltrúa okkar fyrir keppnina.

Þeir sem velja þennan áfanga munu taka þátt í undankeppni Háaleitisskóla í Skólahreysti og verða því allir að vera tilbúnir til að taka þátt í lokakeppninni.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir sem 4 valgreinar.

Námsmat: Áhugi, virkni, framfarir og árangur. Lokið/ólókið.

Skreytingarval

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur nýti sköpunargáfu sína og ímyndunarafli við að skapa skreytingar fyrir viðburði skólans.

Nemendur munu búa til og skapa ýmislegt skraut sem verður notað á viðburðum skólans, t.d. fyrir hrekkjavöku, jól, árshátíð, páska og vorhátíð.

Námsmat: Lokið/ólókið

Valgreinar sem kenndar eru í lotum

**List- og verkgreinar (merktar með stjörnu)*

Aðstoð í kennslu / uppeldisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi í grunnskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur fá í upphafi kennslu og fræðslu um lestrarþjálfun og kennslu/aðstoð.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Aðstoð í Krakkaheimum (frístund) / uppeldisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi frístundaheimilisins og fái innsýn í þau störf sem þar er unnin eins og uppeldi, umönnun og afþreyingu fyrir börn.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn frístundaheimilisins.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Háaleitisskóli

Kökur*

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur læra að baka mismunandi gerðir af kökum, hvernig smjörkrem eru búin til og ýmsar aðferðir sem hægt er að nota til að skreyta með. Kennt verður hvernig megi nota ýmis bragðefni og hvernig hægt er að búa til blóm og sykurmassa.

Markmið: Í þessum val áfanga læra nemendur að baka ýmsar gerðir af kökum og spreyta sig á einföldum kökuskreytingum. Unnið verður með smjörkremsskreytingar, sykurmassa o.fl.

Kennslutilhögun: Einfaldur kökubakstur og gerð smjörkremis og ýmsar aðferðir til að skreyta.

Námsmat: Metin verða sjálfstæð vinnubrögð, hópavinna, hvernig nemendur fara með eldhúshöld og hráefni. Lokið/ólókið.

Boltaval

Tvær kennslustundir á viku.

Markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan.

Markmið: Að nemendur fái aukna hreyfingu, geri sér grein fyrir áhrifum hreyfingar á líkamann og fái fjölbreytta kynningu á ýmsum bolta greinum. Einnig verður fjallað á hagnýtan hátt um heilbriggt líf og lífarni.

Kennslutilhögun: Nemendur munu spila blak, handbolta, fótbolta, körfubolta sem og aðrar boltaíþróttir.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Danskar kvikmyndir og menning

Námskeið fyrir þá sem hafa gaman af kvikmyndum og vilja öðlast betri færni í dönsku. Nemendur horfa á ýmsar tegundir kvikmynda á dönsku og vinna skapandi verkefni í kjölfar hverrar myndar. Umræður, greining og tenging við danska menningu, siði og venjur.

Markmið: Að vekja áhuga nemenda á dönskum kvikmyndum, menningu og siðum. Að nemendur þjálfist í að tjá hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt í bæði ræðu og riti.

Kennsluaðferðir: Áhorf, umræður, skapandi verkefni, hópavinna og einstaklingsvinna

Námsmat: Leiðsagnarmat, áhugi og virkni í tímum og verkefnamappa.

Dungeons And Dragons

Tvær kennslustundir á viku.

Kennslutilhögun: Í þessu vali verður spunaspilið Dungeons And Dragons spilað. Nemendum verður bæði kennt að spila spilið og reka sinn eigin leik. Lögð verður

Háaleitisskóli

áhersla á samvinnu og liðsheild. Hópnum verður skipt niður í minni hópa og hver hópur fer svo í gegnum sitt eigið ævintýri.

Markmið: Að nemendur fái æfingu og innsýn í það hversu mikilvæg samvinna og liðsheild eru í hópverkefnum til að áorka markmiðum sínu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Valfag – Ég veit ekki! – Frábært, þá getur þú byrjað að skapa eitthvað sem þú hefur aldrei hugsað út í.

Markmið:

- Markmiðið er að hjálpa nemendum að finna styrk sinn í aðstæðum þar sem þau upplifa sig hjálparlaus eða þekkja ekki viðfangsefnið.
- Markmiðið er að nemendur geti skoðað þá færni og þekkingu sem býr innra með þeim í öruggu umhverfi og finna leiðir sem gerir þeim kleift að skapa eitthvað stórkostlegt út frá setningunni „ég veit ekki“.

Kennslutilhögun:

- Í námskeiðinu er notast við markþjálfun sem hjálpar þátttakendum að skoða inn á við og finna þann styrk þegar býr í þeim. Með kraftmiklum spurningum og ýmsum skemmtilegum verkefnum er þátttakendum gefin kostur á að vaxa út frá eigin forsendum.

Hér er smá hugleiðing sem tengist þessum þætti námskeiðsins.

Að eiga nóg af öllu þýðir hagsæld, eða búa yfir mikilli velmegun.

Það er mikið lagt upp með að kenna okkur hvað ábyrgur og þroskaður einstaklingur þarf til að lifa í okkar samfélagi. Alveg frá fæðingu, þá eru leiðbeinendur okkar (foreldrar, kennarar, gangaverðir, þjálfarar, æskulýðsfulltrúar, stjórnmálamenn, fjölmiðlar, trúarbrögð o.fl.) að leggja sig fram við að kenna okkur og móta eftir þeim samfélagslegu viðmiðum sem eru uppi hverju sinni.

Þrátt fyrir góðan ásetning hjá öllum þeim sem leiðbeindu mér í gegnum tíðina, þá upplifði ég allt of oft að ég væri ekki nóg. Leiðbeinendur mínir gáfu mér þekkingu og leikni til að lifa í samfélagi þar sem ákveðin viðmið eru til staðar og álitin vera samfélagslega rétt en þau gleymdu að færa mér þá vísu sem fylgir því að geta upplifað sig við hverjar aðstæður sem koma upp að „ég sé NÓG“.

Við þráum öll að verða viðurkennd og að okkur sé gefin gaumur fyrir það sem við gerum og það sem við erum. En samfélagið er of upptekið af þeim viðmiðum sem það hefur sett sér að það getur ekki leyft sér að hrósa þér eða verðlauna þig fyrir það sem þú ert. Það er alltaf það sem þú átt að verða eða hefur verið. Af hverju eyðum við mest allri orku okkar í að viðhalda grímu sem að samfélagið getur sætt sig við í stað þess að vera það sem ég er. Sem er NÓG.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Textíl áfangi *

Tvær kennslustundir á viku.

Í þessum áfanga vinna nemendur ýmis verkefni í textíl, t.d aðferðir við fatalitun s.s. hnútalitun, teygju litun og spreng litun, að prjóna, fatahönnun og margt fleira.

Markmið: Að geta nýtt sér ýmsar aðferðir í textíl.

Kennslutilhögun: Kennslumyndbönd, sýnikennsla og verkleg þjálfun.

Námsmat: Mat á verkefnum, virkni, ástundun og hugmyndavinna. Lokið/ólókið.

Disney kvikmyndir

Í námskeiðinu horfa nemendur á valdar kvikmyndir Walt Disney og greina þær út frá þjóðfræði og ævintýrum.

Markmið: Að vekja áhuga nemenda á kvikmyndum og ævintýrum út frá þjóðfræðilegu sjónarhorni.

Að nemendur þjálfist í því að tjá hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt bæði í ræðu og riti.

Kennsluaðferðir: Áhorf, umræður, skapandi verkefni, hópavinna og einstaklingsvinna

Námsmat: Leiðsagnarmat, áhugi og virkni í tímum og verkefnamappa.

Enska - The Hobbit

Nemendur munu lesa söguna The Hobbit eftir J.R.R. Tolkien og horfa síðan á kvikmyndina. Munum við bera saman bókina og kvikmyndina og vinna fjölbreytt skapandi verkefni þar sem áhersla er á munnlega tjáningu, ritun og þátttöku nemenda. Öll kennsla fer fram á ensku.

Markmið: Að vekja áhuga nemenda á enskum bókmenntum og kvikmyndum.

Að nemendur þjálfist í því að tjá hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt bæði í ræðu og riti.

Kennsluaðferðir: Áhorf, umræður, skapandi verkefni, hópavinna og einstaklingsvinna

Námsmat: Leiðsagnarmat, áhugi og virkni í tímum og verkefnamappa.

Forn letur og tákn

Í þessu vali munu nemendur læra um ýmis forn letur, eins og Rúnaletur (Víkíngarúnir), Galdrarúnir, Híeróglýfur (Forn-Egypsk) og Fleygrúnir (Cuneiform - elsta þekkta skriftarformið og var notað í Persíu, Súmer og Babýlóníu frá því um 2500 f.Kr. til um 1000 f.Kr.). Nemendur læra grunnin í að lesa úr letrunum, læra að skrifa/teikna þau og hvað ýmis forn tákn þýða.

Námsmat: Mat á verkefnum, virkni, ástundum og hugmyndavinna. Lokið/ólókið.

Háaleitisskóli

Hár studio*

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Farið verður yfir flest allt sem viðkemur hári ásamt því hvernig á að gera ákveðnar greiðslur og hvernig á að meðhöndla hár. Kennsla felst í leiðbeiningum kennara auk myndbanda og verklegri kennslu.

Námsmat: er í virkni og þátttöku nemenda. Lokið/ólókið.

Heimanám

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur geta valið að fara í heimanámstíma sem verður einu sinni í viku, þar sem kennari aðstoðar þá með heimanámið. Lögð er áhersla á kjarnagreinar. Ef nemendur eru ekki með heimanám þá vikuna er tíminn notaður til að lesa í frjálslestrarbók.

Námsmat: Ástundun og vinna í tímum metin. Lokið/ólókið.

Heilsa og lífsstíll

Í námskeiðinu fá nemendur fræðslu um mikilvægi góðrar heilsu og hvernig hægt er að hámarka lífsgæði sín með hreyfinu, hugleiðslu, næringarríku mataræði, tímastjórnun og góðum svefni.

- **Hreyfing:** Farið verður yfir ýmsar tegundir hreyfingar og mikilvægi hvíldar og endurheimtar.
- **Næringarfræði:** Fjallað verður um grunnorkuþörf, ráðlagða dagsskammta, orkuþörf, vítamín og steinefni og íþróttir og næringarþörf.
- **Andleg vellíðan:** Fjallað verður um mikilvægi svefns og ávinning af hugleiðslu fyrir andlega vellíðan. Mismunandi tegundir af hugleiðslu og slökun kenndar.

Markmið: Að vekja áhuga nemenda á heilbrigðu lífni, hollu mataræði og líkamsrækt og hvernig þeir geta sjálfir stuðlað að betri líðan.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verklegar æfingar og skapandi verkefni.

Námsmat: Leiðsagnarmat, áhugi og virkni í tímum og verkefnaþætti.

Heimilisfræði*

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur læri að matreiða fjölbreyttan og hollan mat, baki og læri að lesa uppskriftir t.d. þeytingsgerð (boost), súpugerð, salatgerð, brauðgerð og bakstur. Áhersla er lögð á að nemendur þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.

Háaleitisskóli

Að nemendur:

- öðlist færni í að vinna sjálfstætt og sýni vandvirkni og geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis
- þjálfist í mismunandi bakstri og eldunaraðferðum, geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum
- læri að þekkja og nota mismunandi hráefni
- tileinki sér góðum vinnubrögðum og góðar vinnustellingar
- þekki algengustu áhöld og tæki ásamt því að fá þjálfun í að nota mælitæki af ýmsum gerðum til að baka og elda með

Námsmat: Ástundun og vinna í tímum metin. Lokið/ólokið.

Garageband:

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: að nemendur:

- kynnist garageband
- kynnist forriti í ipad
- læri að búa til tónlist í ipad
- fái innsýn í garageband

Kennslutilhögun: Nemendur læra að forrita garageband tónlist í spjaldtölvu. Nemendur kynnast því hvernig garageband virkar og þetta er góð byrjun til að læra allt um tækni garageband.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Skólahljómsveit*

Markmið - Kenna nemendum að útsetja lög, hjálpa þeim að læra betur á þau hljóðfæri sem þau hafa áhuga á, fræða þau um sögu tónlistar og kenna þeim að vinna í hljómsveit.

Kennslutilhögun - Tímarnir yrðu tvískiptir. Í fyrri tímanum myndum við fara í útsetningu á lögum fyrir hvert hljóðfæri og læra hvernig er hægt að spila öll lög. Seinni tíminn myndi fara í að æfa hljóðfæraleyf eða söng.

Námsmat - Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Háaleitisskóli

Jólin

Í þessu námskeiði munu nemendur læra um hinar ýmsu jólasíði og hefðir, bæði íslenskar og erlendar í gegnum tímanna rás og vinna fjölbreytt og skapandi verkefni í tengslum við þær.

Markmið: Að nemendur kynnist hinum ýmsu síðum og venjum sem tengjast jólahátíðinni.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður, skapandi verkefni, hópavinna og einstaklingsvinna

Námsmat: Leiðsagnarmat, áhugi og virkni í tímum og verkefnamappa.

3D hönnun og prentun*

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið:

Að nemendur:

- kynnist helstu forritun til 3D hönnunar
- læri að hanna hluti í 3D forriti
- búi til hluti og prenti þá út í 3D prentara

Kennslutilhögun: Nemendur læra að vinna í bæði spjaldtölvum og borðtölvum við 3D hönnun. Nemendur læri undirstöður 3D hönnunar og vinna með ýmsar gerðir hönnunarforrita. Nemendur læri að umgangast og prenta út í 3D prentara

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Kvikmyndir og þættir

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Nemendur kynnst kvikmyndaperlum og þáttum. Nemendur skoða þær í gegnum leik, tónlist, klippingu, kvikmyndatöku hljóðvinnslu ofl. Námsmat er mat á verkefnum nemenda (glærुकyning) auk mats á þátttöku og frammistöðu í tímum.

Kennslutilhögun: Unnin bæði einstaklings- og hópaverkefnum. Nemendur myndu fá að gera glærुकyningar og verkefni um myndir, ásamt því að standa upp og lýsa sínum skoðunum á kvikmyndinni.

Námsmat: Ástundun, virkni og áhugi yrði metin. Lokið/ólókið.

Legókeppnin (Valtímabil 1 og 2)*

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: að nemendur:

- kynnist Mindstorm vélmenninu
- kynnist forritunarmálinu sem þarf til að knýja vélmennið áfram
- læri að nota skynjara og nema
- fái innsýn í að forrita vélmenni og stjórna því
- læri að byggja vélmenni sem nær að leysa þrautir á brautaborði keppinnar.

Kennslutilhögun: Nemendur eiga að leysa ýmsar þrautir með því að forrita Mindstorm vélmenni. Nemendur nota legókubba til að búa til vélmennið. Þeir sem eru í þessu vali taka svo þátt í Legókeppninni sem fer fram í nóvember í Háskólabíó. Keppt er í forritun, rannsóknarvinnu, básakynningu og vélmennakappleik. Þeir sem taka þátt í þessu vali verða vera tilbúnir að leggja sig fram og mæta eitthvað utan kennslutíma. Hámarksfjöldi í keppnisliði Háaleitisskóla er 10.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Valfag – Leiðtogar framtíðarinnar – Sjálfstraust og samskipti!

Tvær kennslustundir í viku

Markmið:

- Markmið námskeiðsins er að nemendur fái að vaxa og dafna í jákvæðu umhverfi þar sem áherslan er á hvað þau hafa fram að færa tengt sjálfstrausti og samskiptum til að efla leiðtogann í sér.
- Markmiðið er að þau efli sjálfstraust sitt og samskiptatækni sem í framhaldi hjálpar þeim að upplifa vellíðan á skólagöngu sinni sem og lífi þeirra utan skólans.
- Þegar námskeiðinu er lokið, þá hafa nemendur fengið tækifæri til að skoða styrkleika sína og efla þá með auknu sjálfstrausti og góðri samskiptatækni.
- Með auknu sjálfstrausti og góðum samskiptum þá munu nemendur eiga auðveldara með að virkja leiðtogann í sér og nýta þá hæfileika sem þau búa yfir til að auðvelda þeim að ná þeim markmiðum sem þau setja sér.

Kennslutilhögun:

- Á námskeiðinu er notast við markþjálfun til að þátttakendur upplifi og fái sem mest út úr námskeiðinu.
- Námskeiðið er í tvískipt, í fyrri partinum er unnið að því að efla hópinn og kynnast hvort öðru til að búa til traust og virðingu á milli nemenda. Á þessum

Háaleitisskóli

grunni verður síðan unnið með sjálfstyrkingu hvers og eins nemenda þar sem þeim er gefin kostur á að vaxa sem einstaklingar innan hópsins.

- Í seinni helmingnum á námskeiðinu verður farið í hve mikilvæg góð samskipti eru. Það gleymist oft að skoða hvernig samskipti hafa áhrif á okkur sjálf og líðan okkar. Nemendum verður gert kleift að skoða hvað þeim finnst vera góð samskipti og hvernig sé best að eiga samskipti við bæði sjálfan sig sem og aðra.
- Notast er m.a. við „Lífsreglurnar fjórar“ sem er bók eftir *Don Micuel Ruiz* og er gömul viska frá Tolteka indjáním.
 - **Vertu flekklaus í orði**
Talaðu af heilindum. Segðu aðeins það sem þú meinar. Passaðu að nota ekki orðið gegn þér eða til að slúðra um aðra. Beindu krafti orða þinna í átt að sannleika og kærleika.
 - **Ekki taka neitt persónulega**
Ekkert sem annað fólk gerir er þín vegna. Það sem aðrir segja og gera er speglun af þeirra eigin veruleika, þeirra eigin hugarástandi. Þegar þú hættir að taka skoðanir og gjörðir annarra nærri þér, verðurðu ekki lengur fórnarlamb ónauðsynlegrar vanlíðunar.
 - **Ekki draga rangar ályktanir**
Hafðu hugrekki til þess að spyrja spurninga og til að biðja um það sem þú raunverulega vilt. Hafðu samskipti þín við aðra skýr svo þú komist hjá misskilningi og sárindum. Þessi eina lífsregla getur breytt lífi þínu.
 - **Gerðu alltaf þitt besta**
Þitt besta mun breytast á hverju andartaki við ólíkar aðstæður. Burt séð hverjar kringumstæðurnar eru, gerðu einfaldlega alltaf þitt besta og þú munt hætta að fordæma, fara illa með þig og fyllast eftirsjá.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Líffærafræði

Í námskeiðinu læra nemendur um byggingu og starfsemi mannlíkamans. Góður undirbúningur fyrir þá sem stefna á nám í náttúrufræðigreinum í framhaldsskóla.

Markmið: Nemendur læri um mannlíkamann, einkum gerð og starfsemi líffærakerfanna og samspil þeirra.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verklegar æfingar og skapandi verkefni.

Námsmat: Leiðsagnarmat, áhugi og virkni í tímum og verkefnamappa.

Leirlist*

Tvær kennslustundir á viku.

Í Leirlist fá nemendur tækifæri til þess að vinna með leir og skapa listaverk. Nemendur efla ímyndunaraflíð og sköpun.

Markmið: Að nemendur læri grunntæknina á bak við leirmótun og geta eflt skilning á þrívídd. Að nemendur læri að búa til stytur og nytjahluti. Að nemendur öðlist þekkingu

Háaleitisskóli

á efnum og áhöldum, ásamt tæknilegu ferli brennslunnar. Að nemendur læri um listasögu og listamenn.

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlögn verkefna. Aðferðir sýndar. Áhersla lögð á formfræði og þrívídd myndbyggingu. Leirmunir og þrívíddarmyndir eru unnir í steinleir og rauðleir. Unnið er frá hugmynda- og skissubóka vinnu til fullmótaðra listmuna.

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmynda- og skissu vinnu, virkni og verklagi. Hvert verkefni er metið til einkunnar. Lokið / ólokið.

Valfag – Píluáfangi 2.

Tvær kennslustundir í viku.

Markmið:

- Gefa nemendum kleift að kynnst íprótt sem er ört vaxandi í heiminum.
- Nemendur halda áfram að læra helstu grunnþætti í pílu sem og helstu keppnisleiki sem eru spilaðir hér á Íslandi og í heiminum.
 - Líkamsstaða.
 - Kastíð – Hvernig þú kastar pílu.
 - Ýmsar æfingar til að æfa vöðvaminni.
- Samhliða þessu munu nemendur þjálfá einbeitingu og færni sína í stærðfræði, enda spilar bæði stórt hlutverk í pílu.
- Einnig verður lagt áherslu á hugarþjálfun þar sem nemendum verður kennt að meðhöndla spennuna sem fylgir oft í bæði námi og ípróttum.

Kennslutilhögun:

Þó að pílukast sé íprótt sem krefst mikillar einbeitingar og nákvæmni, þá geta allir haft bæði gagn og gaman af pílukasti.

Stærðfræði er stór partur af pílukasti og verður farið í ýmsa leiki sem eru vel þekktir í pílukasti sem geta hjálpað nemendum við efla bæði einbeitingu og færni þeirra í stærðfræði. Þau munu upplifa þetta í gegnum leikinn og því skemmtileg leið til að auka á þessa færni.

Hvort sem það eru ípróttir, nám eða lífið sjálft, þá er hugað lítið að hugarþjálfun og hvernig við getum unnið úr spennu í aðstæðum sem eru krefjandi fyrir okkur. Við munum fara í að skoða þá spennu sem hefur bæði áhrif á færni og getu okkar til að njóta augnabliksins í erfiðum aðstæðum.

Nýst verður við markþjálfun í kennslunni sem og reynslu leiðbeinanda.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Háaleitisskóli

Útivist og landafræði

Í námskeiðinu verður fléttað saman landafræði, jarðfræði, náttúruupplifun og heilsurækt. Nemendur læra um íslenska náttúru, útivist og útbúnað og fá kennslu í undirbúningi fyrir ferðalög. Til að mynda hvernig gera á ferðaáætlun og meta aðstæður, viðbrögð við óvæntum atvikum, hvaða útbúnaður er nauðsynlegur og hvernig nota á kort, áttavita og GPS tæki/snjallsíma til rötunar. Við munum æfa okkur í að pakka í bakpoka, setja upp tjaldbúðir, elda á prímus og margt fleira.

Markmið: Að gera nemendur læsa á umhverfi sitt, vekja áhuga þeirra á útivist og kenna þeim að umgangast náttúruna af virðingu.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkleg kennsla.

Námsmat: Vinnusemi, áhugi og virkni nemenda í kennslustundum. Allir nemendur fá umsögn í lok námskeiðs.

Sjálfíð mitt

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur læra að setja sér markmið jafnt sem skammtíma og langtíma. Læri inn á persónuleika, hverjir þeir eru og hvernig er hægt að nýta sér þá við markmiðasetningu.

Markmið: Að nemendur þekki sína persónuleika og hvað það felst í að setja sér markmið. Hvað persónuleikinn skiptir miklu máli við gerð markmiða. Að styrkja sína sjálfmynd og geta eft sig í námi og lífinu sjálfu.

Kennslutilhögun: Kynning, fræðsla og verkefnavinna.

Námsmat: Hver er ég?, ástundun og virkni í umræðu. Lokið/ólókið

Sjónlist*

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur öðlast tækifæri til þess að læra að tjá sig án orða, læra að þekkja sjálfan sig í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Nemendur þróa ímyndunaraflíð og sköpun.

Markmið: Að nemendur læri tæknina á bak við teiknun, málun, formfræði og myndbyggingu. Að nemendur læri tæknina á bak við fjarviddarteiknun, hlutateiknun, og uppstillingarteiknun. Að nemendur fái tækifæri til þess að þroska persónulega tjáningu og smekk, gagnrýnnar hugsunar og sköpun.

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlögn verkefna. Aðferðir sýndar á töflu og á myndbönd. Farið verður yfir undirstöðuatriði sjónlistar (teiknun, málun, litfræði og myndbyggingu). Fjölbreytt verkefni unnin frá þema / kveikju með tækni eins og blýanti, krít, vatns- og akrýl litum. Nemendur vinna á form og línur, grátónaskalann og skyggingar, með blýanti og tússlitum.

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmynda- og skissuvinnu, virkni og verklagi. Lokið / óllokið.

Háaleitisskóli

Stjörnuspeki og himintunglin

Í þessu námskeiði munu nemendur fá fræðslu um stjörnumerkin, læra að lesa í merkin og himintunglin og búa til sitt eigið stjörnukort út frá fæðingardeggi og fæðingarstund. Nemendur læra um tungl- og sólmyrkva og kvartlaskipti ársins.

Markmið: Að nemendur kynnist og læri um stjörnuspeki, himintunglin, jafndægurinn og sólstöðurnar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður, skapandi verkefni, hópavinna og einstaklingsvinna

Námsmat: Leiðsagnarmat, áhugi og virkni í tímum og verkefnamappa.

Skartgripagerð, perlugerð og kertagerð*

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur læra að hanna sína eigin skartgripa, eins og t.d. eyrnalokka, armbönd og hálsmen. Einnig verður kerta og perlugerð.

Markmið: Að nemendur geti hannað sína eigin skartgripa og kerti eftir sínu höfði þar sem sköpunargáfan fær að njóta sín.

Kennslutilhögun: Nemendur læri grunn atriði við skartgripa, perlu og kertagerð jafnframt því að skoða sögu skartgripagerðar og kertagerðar víðsvegar um heiminn.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Spil

tvær kennslustundir á viku.

Kennslutilhögun: Í þessu vali eru hefðbundin borðspil eins og Jungle Speed, Heilaspuni, Alias, og Pictionary. Einnig munum við spila þekkt og óþekkt spil á spilastokkinn, spil eins og t.d. félagsvist, lauma, skítakall, olsen olsen, kani, og kasína.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Stærðfræði grunnur

Ein kennslustund á viku

Markmið: Námskeiðið er ætlað að byggja ofan á þann grunn sem þarf til áframhaldandi náms í stærðfræði. Farið verður í saumana á helstu reikni aðgerðum sem nemendur þurfa að notast við. Nemendur sem þurfa aðstoð við stærðfræði geta komið í tíma og fengið ýtarlegri útskýringu á efninu frá kennara.

Námsefni: Dæmi og glósur frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemendur reikni sjálfstætt sem og með kennara ýmis dæmi upp á töflu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum. Gefið verður lokið/ólókið

Háaleitisskóli

Spænska fyrir byrjendur

Tvær kennslustundir á viku.

Þetta nám er fyrir alla þá sem vilja ná tökum á helstu undirstöðuatriðum í spænsku máli á skömmum tíma.

-Engrar forkunnáttu er krafist.

-Áhersla er lögð á lestur, hlustun, ritun og talfærni.

-Farið verður yfir helstu grunnhugtök í spænskri málfræði.

-Nemendur fá tækifæri til að þjálfa framburð með innfæddur kennari.

Í lok náms hafa nemendur:

-náð tökum á helsta orðaforða daglegs lífs og geti tjáð sig um sjálfa sig, fjölskyldu sína, áhugamál, o.s.frv.

-ná tökum á framburði

Nemendur geta:

-lesið einfalda texta á spænsku

-skilið einfalt hlustunarefni á spænsku

-ritað einfaldan texta á spænsku

Námsgögn: Textar, ljósritun, hlustunarefni, kennslumyndbönd og annað efni frá kennara

Sýndarveruleiki*

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: að nemendur:

- kynnist sýndarveruleika
- læri að búa til verkefni fyrir sýndarveruleika
- læri að búa til ýmsa hluti til að nota í sýndarveruleika
- kynninst helstu tækjum, tólum og forritum í sýndarveruleika

Kennslutilhögun: Farið verður í gurnnpætti sýndarveruleika. Skoðuð helstu forrit og búnaður til að nota í sýndarveruleika. Kennst að forrita fyrir sýndarveruleika. Nemendur fá tækifæri til að búa til hluti sem tengjast sýndarveruleika.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Pólska fyrir byrjendur

Tvær kennslustundir á viku.

Þetta nám er fyrir alla þá sem vilja ná tökum á helstu undirstöðuatriðum í pólsku máli á skömmum tíma.

-Engrar forkunnáttu er krafist.

-Áhersla er lögð á lestur, hlustun, ritun og talfærni.

Háaleitisskóli

-Farið verður yfir helstu grunnhugtök í pólskri málfræði.

-Nemendur fá tækifæri til að þjálfa framburð með innfæddum kennara.

Í lok náms hafa nemendur:

-náð tökum á helsta orðaforða daglegs lífs og geti tjáð sig um sjálfa sig, fjölskyldu sína, áhugamál, o.s.frv

-ná tökum á framburði

Nemendur geta:

-lesið einfalda texta á pólsku

-skilið einfalt hlustunarefni á pólsku

-ritað einfaldan texta á pólsku

Námsgögn: Textar, ljósritun, hlustunarefni, kennslumyndbönd og annað efni frá kennara

Undirbúningur fyrir ökunám fyrir nemendur í 10. bekk

Tvær kennslustund á viku

Markmið: Að nemendur fái fræðslu um hvernig ökunámi og ökuþrófi er háttáð, fái svör við við ýmsum algengum spurningum er varða ökunámið og ökuréttindi. Fái fræðslu um umferðamerki og reglur tengdri umferðinni.

Kennslutilhögun: Farið verður yfir helstu þætti er varða ökunám og ökuþróf.

Nemendur æfa sig að fylla út skjöl tengd ökunáminu, horfa á umferðatengd myndbönd, fá fræðslu um helstu atriði tengd umferðinni og leysa ýmis verkefni

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum. Gefið verður lokið/ólokið

Ukulele samspil *

Tvær kennslustundir í viku.

Kennslutilhögun:

Að læra undirstöðu atriði í að spila á Ukulele gítar. Nemendur kynnast allskyns tónlistarstefnum, tónlistarsögu og frægum tónlistarmönnum samtímans.

Kennslutilhögun: Allir fá ukulele í tíma til að spila á. Æft verður samspil, grunn hljómar, spuni, taktur og lög. Einnig fá nemendur að velja tónlist til að hlusta á og kynnast frekar í samráði við kennara.

Námsmat: Ástundun og vinna í tímum metin. Lokið/ólokið

Tölvuval:

Tvær kennslustundir á viku

Markmið: Að nemendur kynnist hinum mismunandi tölvuforritum og fái tækifærði til þess að fá aðstoð til að sinna tölvu tengdum verkefnum.

Kennslutilhögun: Unnið verður með forritin Minecraft, Tincercad og Breakout.

Minecraft er tölvuleikur sem gengur út á að byggja mannvirki úr kubbum í þrívíðri

Háaleitisskóli

veröld. Nemendum er úthlutað verk sem þau þurfa að skapa/byggja. TinkerCad er forrit þar sem hægt er að hanna hluti í þrívídd. Breakout gengur út á það að setja saman þrautaleik sem nemendur reyna að leysa úr í sameiningu. Þrautirnar felast í því að reyna finna vísbendingar í umhverfinu sem nýtast síðan til að opna lás fyrir næstu vísbendingu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum. Gefið verður lokið/ólókið